

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á
20 ára starfsafmæli Rannsóknastofu í næringarfræði,
haldið í Hátíðasal 7. september 2017 kl. 15.30-16.30**

Kæra samstarfsfólk og gestir.

Ég vil byrja á því að óska ykkur og okkur öllum innilega til hamingju með þann merka áfanga að Rannsóknastofa í næringarfræði, RÍN, við Háskóla Íslands fagnar í dag 20 ára starfsafmæli. Rannsóknastofan er um margt merkileg eining innan Háskóla Íslands. Ber þar fyrst að nefna að hún er ein sterkasta rannsóknæining Háskóla Íslands og í afar virku rannsóknasamstarfi við fjölmargar stofnanir og háskóla víða um heim. Þessi akademíski kraftur hefur leitt til þess að starfsmenn rannsóknastofunar hafa fengið fjölda innlendra og erlendra rannsóknastyrkja og má í því sambandi m.a. nefna að tveir starfsmenn, prófessorarnir Ingibjörg Gunnarsdóttir og Þórhallur Ingi Eypórsson, hlutu nýverið tvo stóra styrki úr Horizon 2020 áætlun Evrópusambandsins.

Frá upphafi hefur mikil ritvirkni og alþjóðlegt samstarf einkennt starfsemi Rannsóknastofunnar og hafa starfsmenn hennar þannig lagt drjúgan skerf til þess árangurs sem Háskóli Íslands hefur náð á sviði rannsókna á alþjóðlegum vettvangi og staðfestur var síðast nú í fyrradag þegar tilkynnt var að Háskóli Íslands er í 241. sæti á nýjum lista Times Higher Education World University Rankings fyrir 2017-2018, auk þess sem Háskólinn komst fyrir skömmu í fyrsta sinn á hinn svokallaða Shanghai-lista og er þar í sæti 401-500. Að komast inn á þessa tvo virtustu matslista yfir háskóla í heiminum er frábær árangur og eins og áður sagði á næringarfræðin sinn mikilvæga þátt í honum.

Önnur skrautfjöður í hatt næringarfræðinnar er víðtækt samstarf hennar við aðrar stofnanir og fyrirtæki á innlendum vettvangi, s.s. Landspítalann, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Matvælastofnun, Hjartavernd, Mjólkursamsöluna og síðast en ekki síst Matís. Samningur Háskóla Íslands og Matís og virk

samvinna í rannsóknum og kennslu er mjög gott dæmi um vel heppnað samstarf háskóla og atvinnulífs, þar sem námið fer fram á báðum stöðum og hluti starfsmanna er sameiginlegir.

Rannsóknastofa í næringarfræði hefur verið öflugur þátttakandi í uppbyggingu þekkingar og þekkingaryfirfærslu í íslensku samfélagi, t.d. með könnunum á mataræði ýmissa hópa sem nýst hafa í stefnumótun stjórnvalda við gerð ráðlegginga um fæðuval og næringu ýmissa aldurshópa. Einnig hefur starfsfólk tekið þátt í gerð klínískra leiðbeininga og þannig stuðlað að þekkingaryfirfærslu rannsókna til notenda, ekki aðeins í heilbrigðisþjónustu heldur einnig í skólakerfinu.

Framhaldsnám hefur einnig verið með miklum blóma á vettvangi Rannsóknastofu í næringarfræði og frá stofnun hennar hafa yfir 70 nemendur unnið verkefni á meistara- og doktorsstigi, sem er frábær árangur – ekki síst í ljósi þess að fyrstu 10 árin hvíldi leiðsögn

meistara- og doktorsnema að miklu leyti á herðum eins leiðbeinanda sem er Inga Þórsdóttir prófessor og núverandi forseti Heilbrigðisvísindasviðs. Þetta breyttist svo árið 2006 þegar annar kennari var ráðinn og síðastliðin ár hafa 5-6 kennarar borið uppi nám í næringarfræði.

Góðir gestir. Eins og sjá má af þessu stutta yfirliti hefur 20 ára saga Rannsóknastofu í næringarfræði sannarlega verið glæst og ég er sannfærður um að framtíð hennar sé ekki síður björt. Ég vil að lokum geta þess að um nokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi nýs samnings á milli Háskóla Íslands og Landspítalans um Rannsóknastofu í næringarfræði og er stefnt að því að undirrita hann síðar í þessum mánuði. Með samningnum er skotið enn traustari stoðum undir starfsemina til næstu fimm ára.

Ég vil ljúka máli mínu á að þakka öllum þeim sem komið hafa að starfsemi RÍN fyrir frábær störf í þágu

Háskóla Íslands. Ég óska ykkur aftur til hamingju með
20 ára afmæli kennslu í næringarfræði. Takk fyrir!